



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/950
komudagur 26.2.2009

Seltjarnarnesi 26. febrúar 2009.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259. mál.
(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.)**

Lyfjafræðingafélagi Íslands bárust drög að frumvarpi til laga um greiðslur til líffæragjafa og eftir umfjöllun félagsins þá er gerð athugasemd við að ekki er tekið á hver skuli greiða fyrir þá lyfjagjöf sem líffæragjafi þarf að undirgangast vegna líffæragjafarinnar. Þá er um að ræða lyfjagjöf sem tengist líffæragjöfinni beint eða óbeint, þ.e. einnig verkjameðferð eftir líffæragjöf. En einnig ef líffæragjafi þarf að nota lyf í langan tíma eða um ókomna tíð sem tengja má við líffæragjöfina.

Taka þarf tillit til þessa í frumvarpinu eða a.m.k. benda Heilbrigðisráðherra og/eða Sjúkratryggingum Íslands (Tryggingastofnun) á að kanna nauðsyn slíks öryggisnets og koma með reglur um hvernig skuli tekið á þessum gjaldalið.

Virðingarfyllst,

Unnur Björgvinsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands